

## FERILL

1903 Karen Agnete, fædd í Kaupmannahöfn 28. desember, elsta þriggja dætra Karls Christian Enevoldsen verksmiðjueiganda og eiginkonu hans, Louise.

1921–1925 Nám við myndlistarskóla Emil Th. Rannow og síðar til undirbúnings fyrir listaháskólann hjá Carla Colsmann í Kaupmannahöfn.

1925 –1929 Nám við málaradeild Konunglega listaháskólans í Kaupmannahöfn.

1929 Giftist Sveini Þórarinssyni listmálara og þau flytjast til Íslands og setjast að í heimasveit hans, að Kílakoti í Kelduhverfi, Norður-Þingeyjarsýslu.

1930 og fram á sjöunda áratuginn héldu þau samsýningar, bæði á Húsavík og á Seyðisfirði og síðan annað hvert ár, til skiptis í Reykjavík og á Akureyri og nema sýningar þeirra tugum.

1931 Fæðing sonar þeirra, Karls Kristjáns.

1932 Karen Agnete og Sveinn reisa sér steinhús í Ásbyrgi þar sem Sveinn fær starf skógarvarðar en það var forsenda þess að þau gætu stundað list sína í einhverjum mæli.

1939 Fjölskyldan flyst búferlum til Danmerkur.

1940 Karen Agnete og Sveinn sýna verk sín í upphafi árs í sýningarsalnum „Den Frie“ í Kaupmannahöfn. Eftir að Þjóðverjar hernema Danmörku snúa þau heim og sigla með Esjunni frá Petsamo í Finnlandi. Upp frá því eru þau búsett í Reykjavík.

1950 Listamannshjónin reisa sér hús að Kvisthaga 13 í Reykjavík, teiknað af vini þeirra þeirra, Sigvalda Thordarson arkitekt. Þar fengu þau loks rúmgóða vinnustofu á efri hæð hússins með stórum gluggum sem vita í norður.

1951 Sýnir verk sín í Kunsthallen í Kaupmannahöfn ásamt dönsku listakonunni Gertrud Boberg.

1956 Önnur sýning þeirra Gertrud Boberg í Kunsthallen í Kaupmannahöfn.

1984 Fyrsta einkasýning Karenar Agnete á Íslandi er opnuð í Gallerí Borg en þá var hún á áttugasta og fyrsta aldursári. Þar sýndi hún þrettán málverk sem höfðu verið unnin síðustu fjögur árin.

1992 Karen Agnete lést í Reykjavík 1. október, áttatíu og átta ára gömul.